| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans[1]** | | | | | |
| • Loftgæði | Loftræsting var löguð og sett upp ný loftræsting á ganginn sem bætir einnig loftgæði á Græna kjarna. | Janúar 2023 | 5. Maí 2023 | Ísafjarðarbær | Virðist vera mikill munur. Á eftir að sjá hvernig virkar þegar sólin fer að skína meira. |
| • Trjákurl/fallvörn á stóra útisvæðinu og lagfæring á gúmmímottum. Gera þarf nauðsynlegar lagfæringar á útileiksvæði með tilliti til öryggis barna. | Búið er að ræða við Ísafjarðarbæ, og fengum við þau svör að ætti að skoða þetta í sumar. | Júní 2023 | Ágúst 2023 | Ísafjarðarbær | |
| • Undirbúningshebergi of lítið og óhentugt, vantar fleiri skrifstofur (þarf að vera skrifstofur fyrir skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og sérskennslustjóra), vantar sérkennsluherbergi (sérkennslan er í litilli, | Ísafjarðarbær hefur ekki lagt til neinar úrbætur.<br><br>Við höfum fengið þá hugmynd að fækka kjörnum um einn til að útbúa rými fyrir; viðunandi undirbúningsherbergi, fundarherbergi, sérkennslustofu og skrifstofur.<br>Þrengsli og óviðunandi aðstæður ásamt vandræðum með loftgæði í | | | Ísafjarðarbær | |

[1] Bætið við línum eftir þörfum.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| gluggalausri kompu) og vantar geymslurými. | of litlum rýmum hafa of mikil áhrif á of marga þætti starfsins. | | | | |
| • Opnanlegir glugga á tengigangi. | Við vitum ekki hvort Ísafjarðarbær ætlar eitthvað að skoða þetta. | | | Ísafjarðarbær | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið II – Stjórnun** | | | | | |
| • Endurskoðun skólanámskrár, samræming á áherslum aðalnámskrár leikskóla 2011, skólastefnu sveitarfélagsins við framkvæmd hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Sleppa óþörfum endurtekningum í skólanámskránni. | Við munum fara yfir, lagfæra og aðlaga skólanámskrá á komandi vetri | September 2023 | Maí 2024 | Skólastýra | |
| • Endurskoða þarf starfsáætlun í samræmi við aðalnámskrá leikskóla/Setja betur fram áætlun og aðferð við innra mat, umbótaáætlun og birta í starfsáætlun á heimasíðu. | Vinna sem mun fylgja vinnu við endurskoðun skólanámskrár | September 2023 | Maí 2024 | Skólastýra | |
| • Gera þarf skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda með tilliti til ábyrgðarhluta hvers fyrir | Sú vinna hefur verið að slípast til þar sem skólastýruskipti hafa átt sér stað og ný skólafreyja með stjórnun hefur tekið við sem samstarfsmanneskja skólastýru. | Febrúar 2023 | Desember 2023 | Skólastýra og skólafreyja m/stjórnun | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| sig og skýra samráðsferli þeirra. Æskilegt væri að skilgreina hlutverk stjórnenda og kjarnastjóra gagnvart einstökum verkefnum. | Það liggur fyrir brýning á öllum verkferlum og skilgreiningum á hlutverkum | | | | |
| • Fylgja þarf markvisst eftir áætlun um þjálfun nýliða í starfi. | Nýliðaþjálfun fer nú fram. Mun verða að lágmarki einu sinni til tvisvar á skólaári eftir því sem þörf verður fyrir | Maí 2023 | September 2023 | Skólastýra sér um faglega þáttinn, Skólafreyja m/stjórnun um praktíska þáttinn | |
| • Festa þarf fundartíma fyrir lotufundi og kjarnafundi og gera markvissar fundargerðir. | Mun verða hluti af vinnu varðandi verkferla og skilgreiningar á hlutverkum | Ágúst 2023 | September 2023 | Skólastýra og skólafreyja | |
| • Stjórnendur ættu markvisst að veita starfsfólki endurgjöf varðandi frammistöðu þess. | Tekin eru starfsmannasamtöl a.m.k. einu sinni á ári. Setjum inn viðtal þegar starfsfólk hefur unnið í þrjá mánuði. Rauntímaleiðrétting[2]* verður virkari nú þegar skipað hefur verið í stöður stjórnendateymis | Alltaf í gangi | | Skólastýra. Yfirþroskaþjálfi/umsjón sérkennslumála, og skólafreyja | |
| • Gera ætti könnun á þörf starfsfólks fyrir fræðslu í samræmi við niðurstöður starfsmanna- | Umræður hafa skapast um endurmenntun og fræðsluþörf af og til. Við höfum fengið fyrirlestra og námskeið þegar starfsfólk hefur sóst eftir því, einnig að frumkvæði | Alltaf í gangi | | Skólastýra og sérkennslustýra | |

[2] Leiðbeinandi viðbrögð strax við uppákomum eða aðferðafræði

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • könnunar 2022. | stjórnenda, þegar þörf hefur skapast fyrir ákveðna þekkingu eða færni Við teljum okkur líka vera þokkalega öflugar í því að benda á endurmenntunartækifæri sem eru mismikil viðbrögð við | | | | |
| • Endurskoða og bæta þarf skipulag vinnutímastyttingar. | Þetta er í endurskoðun. Hefur komið hræðilega illa út síðustu ár | Maí 2023 | Júlí 2023 | Hjallastefnan | |
| • Fullvinna þarf öryggis- og rýmingaráætlun í samstarfi við Slökkvilið Ísafjarðabæjar. | Erum enn að reyna að fá viðbrögð og svör af og til | ? | ? | Ísafjarðarbær? | |
| • Huga þarf að leiðum til að bæta samskipti leikskólans og sveitarfélagsins. | Sú vinna hefur verið í gangi og gengur nokkuð vel, óþvinguð samskipti eiga sér stað og mál eru uppi á borði | September 2022 | Alltaf | Fulltrúar stjórnsýslunnar og fyrrvandi og núverandi skólastýra ásamt framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið III – Uppeldis og menntastarf** | | | | | |
| • Starfsáætlun, áætlun um innra mat, markmið aðalnámskrár, t.d. grunnþættir menntunar, námssvið leikskólans eða hugmyndafræði leikskólans, innra mat og umbótaáætlun sýnilegra. | Vegna aðstöðuleysi á byggingatímabili, álags covid tímabili og veikinda og manneklu starfsfólk ásamt langvarandi veikindum skólastýru hafa hlutir eins og þessir setið á hakanum. Nú eru stjórnendamál aftur komin í lag og höfum við hafist handa við að uppfæra heimasíðuna þar sem allar þessar upplýsingar eiga að vera aðgengilegar. | Apríl 2023 | Ágúst 2023 | Stjórnendur Eyrarskjóls | |
| • Starfslýsingar aðgengilegar starfsfólki, fundir Kjarnastjórnenda | Nýja stjórnendateymið er að vinna að nýjum verkferlum, þessir þættir eru m.a. inn í þeirri vinnu. | Apríl 2023 | Október 2023 | Stjórnendur Eyrarskjóls | |
| • Nýliðar, ungt og reynslítið starfsfólk | Nýliðanámskeið hafið og verður annað haldið í haust. | Maí 2023 | Nóvember 2023 | Stjórnendur Eyrarskjóls | |
| • Fræðsla um börn með stuðning og um hegðun og samskipti barna. Skráning á þroska og námi barna. Fjölmenninarlegt | Nýr sérkennslustjóri tekur við í ágúst sem mun taka þátt í mótun verkferla með öðrum í stjórnendateymi. M.a. er hugmyndin sú að hún verði í meiri tengslum við kjarna og | Ágúst 2023 | | Sérkennslustjóri | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| umhverfi og samstarf við foreldra. | fræði starfsfólkið jafnóðum og stuðlar t.d. að því að við útvegum fyrirlestra, bendir á námskeið og fleira. | | | | |
| • Kanna ábendingar vegna eineltist/áreitis sem kemur fram í starfsmannakönnunum. | Þetta er tekið fyrir eftir þörfum og við höfum brugðist við ábendingum og teljum að þessi mál séu í farveg. | Apríl 2023 | alltaf | Skólastjórnendur | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið IV – Foreldrasamvinna og ytri tengsl** | | | | | |
| • Skoða ætti ábendingar foreldra er varða upplýsingar á Karellen og upplýsingatöflu og samræmi milli kjarna. | Það má alltaf búast við ákveðnum blæbrigðamun á milli starfsfólks, líka varðandi upplýsingagjöf. Það eru þó fastir þættir inni á Karellen sem gefa upplýsingar t.d. varðandi mat og svefn o.fl. sem öll ættu að geta fyllt samviskusamlega út. Sumum þykir of lítið upplýsingastreymi öðrum allt of mikið ☺ | Alltaf í gangi | | Skólastýra og kjarnastýrur | |
| • Taka ætti til athugunar niðurstöður foreldrakönnunar og umræður í rýnihóp um það sem má bæta og leita leiða til úrbóta. | Það hljómar áhugaverð aðferð, það er yfirleitt mjög dræm mæting þegar boðið er upp á eitthvað fyrir foreldra, fundi, námskeið, fyrirlestra o.fl. en hugsanlega væri einhver hópur til í að taka þátt í slíku. | Við stefnum á þessa hugmynd næsta vor 24 þar sem ekki náðist marktæk þátttaka í foreldrakönnun í ár. Árið í raun búið að vera mjög óvenjulegt | Maí 24 | Skólastýra og skólafreyja | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Tryggja að foreldrar komi að mati á þroska og framförum barna sinna. | Slík samvinna er til staðar varðandi börn sem fá stuðning og teymi eru til staðar.<br>Það væri áhugavert að senda út könnun til foreldra varðandi leiðir til þess að gefa þeim tækifæri til slíkrar aðkomu, foreldrar eru jú sérfræðingarnir í sínum börnum | Ágúst 23 | Janúar 24 | Skólastýra og Yfirþroskaþjálfi/umsjón sérkennslumála, | |
| • Tryggja aukna útiveru og samvinnu um útinám við leikskólann Sólborg. | Við höfum farið þess á leit við Jónu Lind skólastóra Tanga, að fá hana til að halda kynningu/námskeið fyrir okkur varðandi útikennslu | Haust 23 | | Skólafreyja og skólastýra | |
| • Bæta daglegar upplýsingar til foreldra um börnin í skapandi starfi og leik. | Þetta vonandi kemst betur til skila í starfsfólkshópinn þegar búið er að keyra nýliðaþjálfun og námskeið varðandi skapandi starf m.a. | Haust 23 | | Kjarnastýrur | |
| • Foreldraráð þarf að vinna starfsáætlun, boða fundi með dagskrá, skrá fundargerðir<br>• og birta á heimasíðu. | Foreldraráð mun fá þessa umbótaáætlun í hendur og geta þá kynnt sér og lagað til þessa starfshætti | Júní 23 | | Stjórn foreldraráðs | |

MENNTAMÁLASTOFNUN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Starfsáætlun á að vera yfirlesin og samþykkt af foreldraráði árlega. | Foreldraráð mun fá þessa umbótaáætlun í hendur og geta þá kynnt sér og lagað til þessa starfshætti | Júní 23 | | Stjórn foreldraráðs | |
| • Leita leiða til að koma á formlegu samstarfi við grenndarsamfélagið og gera á þann<br>• hátt leikskólann sýnilegri í samfélaginu. | Slíkt samstarf var til staðar fyrir covid tímann, rann aðeins af stað aftur s.l. vetur.<br>Verður endurnýjað á komandi skólaári og sett í farveg | Ágúst 23 | Júní 24 | Skólafreyja og kjarnastýrur | |
| | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið V – Skóli án aðgreiningar** | | | | | |
| • Æskilegt væri að auka vinnu með fjölmenningu og heimamenningu allra barna og gera sýnilega í leikskólanum og gögnum hans. | Við munum skoða þennan þátt, EN ein af áherslum Hjallastefnunnar er að vera ekki með of mikið áreyti í umhverfi barnanna t.d. með hlutum á veggjum nema á meðan við erum að vinna með þá og athyglin er á þeim, svo er það fjarlægt af veggjum.<br><br>Fjölmenning er samofin menningu samfélagsins alls hér í Ísafjarðarbæ. Það eru því hæg heimatökin að fá hugmyndir að vinnu með fjölmenningu og heimamenningu. Þetta er í raun samfléttað þeirri markvissu vinnu sem við stefnum á í mörgum þáttum eins og fram kemur í þessari úrbótaáætlun | Ágúst 23 | Alltaf í gangi | Skólastýra, Yfirþroskaþjálfi/umsjón sérkennslumála, kjarnastýrur og sérkennari sem sér um málörvun | |
| • Leita leiða til að auka þátttöku leikskólabarna í samfélagsverkefnum. | Slíkt samstarf var til staðar fyrir covid tímann, rann aðeins af stað aftur s.l. vetur.<br>Verður endurnýjað á komandi skólaári og sett í farveg | Ágúst 23 | Júní 24 | Skólafreyja og kjarnastýrur | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Gera þarf skriflegan feril fyrir snemmtæka íhlutun. | Er hluti af endurskipulagningu í sérkennslumálum hjá okkur og verkferlavinnu | Ágúst 23 | Alltaf í gangi | Yfirþroskaþjálfi/umsjón sérkennslumála, sérkennari yfir málörvun | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið VI – Innra mat** | | | | | |
| • Stofna matsteymi í leikskólanum og gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir. | Við höfum nú þegar hafið mótun þessa matsteymis, stjórnendateymi skólans er nú orðið fullskipað og vinna við greiningu, skipulag og verkaskiptingu er í vinnslu. Eftir mikið umrót í starfsfólkshópnum, eru línur að skýrast og þá er hægt að hefjast handa á markvissan hátt | Ágúst 23 | Alltaf í vinnslu | Skólastýra, yfirþroskaþjálfi með umsjón yfir sérkennslu, skólafreyja og sérkennari yfir málörvun | Vor 2024 |
| • Gera nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvert markmiðið eigi að vera og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla. | Við höfum nú þegar hafið mótun matsteymis, eins og fram kemur hér að ofan, greining, skipulag og verkaskipting er í vinnslu. Eftir mikið umrót í starfsfólkshópnum, eru línur að skýrast og þá er hægt að hefjast handa á markvissan hátt | Fer á fullt í ágúst 23 | Alltaf í vinnslu | Hjallastefnan, Skólastýra, yfirþroskaþjálfi með umsjón yfir sérkennslu, skólafreyja og sérkennari yfir málörvun | Vor 2024 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur. | Við höfum nú þegar hafið mótun matsteymis, eins og fram kemur hér að ofan, greining, skipulag og verkaskipting er í vinnslu. Það er til matskerfi sem hefur verið notað undanfarin ár. Það verður nú virkjað aftur eftir óviðráðanlegar aðstæður s.l. ár | Ágúst 2023 | Alltaf í vinnslu | Hjallastefnan, Skólastýra, yfirþroskaþjálfi með umsjón yfir sérkennslu, skólafreyja og sérkennari yfir málörvun | |
| Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu. | Teknar hafa verið foreldra- og starfsfólkskannanir annað hvert ár. Skólapúlsinn hefur tekið að sér að vinna þessar kannanir með aðkomu stjórnendateyma Hjallastefnunnar. Þessar kannanir hafa verið í sífelldri mótun og verður örugglega svo áfram.<br>Við eigum eftir að leita leiða til að tryggja að raddir barna heyrist/sjáist í matsvinnu á markvissari hátt | Ágúst 2023 | Alltaf í vinnslu | Hjallastefnan, Skólastýra, yfirþroskaþjálfi með umsjón yfir sérkennslu, skólafreyja og sérkennari yfir málörvun | |
| Birta greinargerðir um innra mat á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greiningu | Þetta erum við byrjaðar að vinna með, átta okkur á og gefum okkur 1 til 2 ár til að ná fullum tökum á þessu ásamt öðrum mikilvægum þáttum sem fram koma hér í þessari umbótaáætlun | Apríl 2023 | Aldrei lokið | Skólafreyja með stjórnun sér um að birta gögn á heimasíðu skólans | Vor 2024 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| á styrkleikum og tækifærum til umbóta. | | | | | |
| Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. | Við þurfum að funda með og móta betur samstarf stjórnendateymis skólans og foreldraráðs | Haust 2023 | Alltaf í vinnslu | Skólastýra, yfirþroskaþjálfi með umsjón yfir sérkennslu, skólafreyja og sérkennari yfir málörvun | |
| | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |
| • | | | | | |